

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd

Reykjavík, 27. desember 2021
2110127/5.6.0

Efni: Ósk um fjárheimild vegna rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga 2022

Embætti landlæknis fór þess á leit við Heilbrigðisráðuneytið í aðdraganda tillögugerðar ríkisstjórnarinnar við fjárlaganefnd við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2022 að lagt yrði til að veitt yrði fjárheimild til embætti landlæknis fyrir rannsóknina „Heilsa og líðan Íslendinga“. Um er að ræða mikilvæga rannsókn sem hefur fest sig í sessi sem mikilvæg uppspretta upplýsinga um heilsufar, líðan, lífsgæði og lifnaðarhætti fullorðinna Íslendinga. Ekki verður séð af nefndaráliti og breytingartillögum meiri hluta fjárlaganefndar að samþykktar hafi verið breytingar á fjárlagafrumvarpinu þess efnis að veita fjárheimild til verkefnisins í kjölfar 2. umræðu fjárlaga sem fór fram á Alþingi 21. – 22. desember sl. Farið er þess á leit við fjárlaganefnd að hún bregðist við þessu og hækki fjárheimild málaflokksins *32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit*. um 20 mkr. til að tryggja fjármögnun verkefnisins í samræmi við upprunalega beiðni til heilbrigðisráðuneytisins. Hjálagt er minnisblað um rannsóknina til frekari útskýringa beiðnar um fjárheimildina. Þar er fjallað um fjármögnun rannsóknarinnar til framtíðar en þessi ósk um aukna fjárheimild 2022 er fyrir framkvæmd rannsóknar árið 2022.

Virðingarfyllst,

Alma D. Möller
landlæknir

Sigríður Haralds Elínardóttir sviðsstjóri
svið heilbrigðisupplýsinga